

Ed.

94. Tillaga til þingsályktunar

um öflun gagna varðandi ákvörðun verðlags á landbúnaðarafurðum.

Flm.: Bjarni Benediktsson, Lárus Jóhannesson.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að reiknað verði út, hvert verð landbúnaðarafurða og andvirði þeirra til bænda hefði verið á árunum 1939 til 1942, ef það hefði verið ákveðið samkvæmt grundvelli þeim, er nefnd sú fann, sem skipuð var skv. 4. gr. 1. um dýrtíðarráðstafanir, nr. 42 frá 14. apríl 1943. Niðurstöður útreiknings þessa skal þegar leggja fyrir Alþingi ásamt ýtarlegri greinargerð um grundvöll þann, sem téð nefnd fann og byggði niðurstöður sínar á.

G r e i n a r g e r ð .

Enn hefur álit hinnar svo kölluðu sex manna nefndar eigi verið lagt fyrir Alþingi. Í blöðum hefur álitið að vísu verið birt, a. m. k. að einhverju leyti, en bæði er, að rétt virðist, að svo þýðingarmikið plagg liggi fyrir í aðgengilegu formi á þingskjali, og að mjög skortir á un, að í því áliti, sem í hinum víðlesnustu blöðum hefur birzt, sé fólgin næg greinargerð fyrir niðurstöðum nefndarinnar. Af því er, svo að einungis nokkur dæmi séu nefnd, ekki unnt að sjá, við hve stórt bú nefndin miðar, né heldur til fulls, hverjar stéttir nefndin hefur valið til samanburðar við bændur, og þá auðvitað enn síður tekjur hvernar stéttar um sig. Allt eru þetta þó slík grundvallaratriði, að ómögulegt er að átta sig á, hvort niðurstöðurnar fái staðizt, nema þau séu kunn. Þá sýnist það og vera mjög mikilvert, að glögg grein sé gerð fyrir því, hvert verðlag hefði orðið hin síðustu ár, ef á sama grundvelli hefði verið byggt og nú. Skiptir það bæði máli um réttmæti þeirrar niðurstöðu, sem fundin var, og lausn dýrtíðarmálsins í heild. Með tillögu þessari er engan veginn ætlunin að draga í efa, að sex manna nefndin hafi fundið hinn rétta grundvöll, heldur þvert á móti að stuðla að því, að þau gögn fáist, sem nauðsynleg sýnast, til að verk nefndarinnar geti orðið að framtíðargagni, og að hægt sé að mynda sér rökstutt álit um réttmæti niðurstöðu hennar.